

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Kómedíuleikhússins

Árin 2021 og 2022

1. gr.

Samningsaðilar og markmið

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Kómedíuleikhúsið, kt. 640401-2650, Vallargötu 3, Þingeyri, gera með sér svofelldan samning um þau verkefni sem unnin eru af Kómedíuleikhúsinu fyrir Ísafjarðarbæ gegn greiðslu fjárstyrks.

Markmið samningsins er að efla og glæða áhuga bæjarbúa á leiklist og auðga menningarlíf í Ísafjarðarbæ, auk þess að styrkja eina atvinnuleikhús Vestfjarða.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær greiðir styrk til Kómedíuleikhússins að fjárhæð kr. 1.750.000 á ári.

Greiðslur skulu inntar ef hendi með tólf mánaðarlegum jöfnum greiðslum, og miðast fyrsta greiðsla við janúar 2021. Greiðsla fer fram gegn útgáfu rafræns reiknings frá Kómedíuleikhúsinu. Reikningur skal berast að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

3. gr.

Skyldur Kómedíuleikhússins

Kómedíuleikhúsið skal setja upp og sýna leikverk, samkvæmt eftirgreindri dagskrá, í Ísafjarðarbæ:

1. Kómedíuleikhúsið kemur að hátíðarhöldum 17. júní á gildistíma samningsins, með leikatriði sem skipulagt skal í samráði við upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar.
2. Kómedíuleikhúsið tekur þátt í jólasveinadagskrá Safnahússins á Ísafirði – sem flutt verður tvívegis fyrir hvor jól, á gildistíma samningsins.
3. Kómedíuleikhúsið sér til þess að grunn- og leikskólabörn í Ísafjarðarbæ fái eina leiksýningu eða menningardagskrá á hvoru ári, árin 2021 og 2022. Sýnt verður í skólunum sjálfum, alls eru þetta 9 viðburðir árlega. Heimilt er að samsýna/samkeyra sýningar í þeim bæjarkjörnum þar sem grunn- og leikskóli eru starfræktir í sama húsnæði, í samráði við forstöðumenn skólanna.
4. Kómedíuleikhúsið býður eldri borgurum Ísafjarðarbæjar uppá menningardagskrá á Hlíf og/eða Eyri, eigi sjaldnar en tvær sýningar á hvoru ári, árin 2021 og 2022.

4. gr.

Samskipti

Upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur umsjón og eftirlit með samstarfssamningi þessum og er fulltrúi Ísafjarðarbæjar gagnvart Kómedíuleikhúsinu, en fulltrúi þess er Elfar Logi Hannesson.

Í janúar 2022 og janúar 2023 skilar Kómedíuleikhúsið atburðaskrá fyrir liðið tímabil til upplýsingarfulltrúa bæjarins. Ef breytingar verða á atburðaskrá samkvæmt 3. gr. samningsins skal Kómedíuleikhúsið upplýsa upplýsingafulltrúa bæjarins þar um.

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

5. gr.

Vanefndir og meðferð ágreinings

Kómedíuleikhúsið skal tilkynna Ísafjarðarbær tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.

Ísafjarðarbæ er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Kómedíuleikhúsið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Gildistími og lok samnings

Samningur þessi gildir í tvö ár, frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2022.

Samningur þessi er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Ísafjörður, febrúar 2021

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Kómedíuleikhússins

Birgir Gunnarsson
bæjarstjóri

Elfar Logi Hannesson